

Að ástunda heimspekisögu

Af angurleysi fornaldar

Inngangur

Fræðimenn sem hafa fengist við heimspekisögu síðustu áratugi hafa margir árétt- að mikilvægi þess að leita skilnings á viðfangsefni sínu svo sem kostur er á forsendum þess tíma sem um er fjallað en ekki (aðeins) á forsendum þess tíma sem fræðimennirnir sjálfir tilheyra. Þannig yrði skilningurinn dýpri. Hér verður tekið dæmi af umfjöllun fræðimanna um kenningar nokkurra grískra fornaldarheimspekinga um angurleysi. Fyrst eru kenningarnar raktar og skýrðar. Þá eru helstu viðbrögð fræðimanna við þessum kenningum skoðuð. Þessi viðbrögð afhjúpa viðhorf um hvað eiginleg heimspeki sé, að minnsta kosti eiginleg fornaldarheimspeki. Viðbrögðin einkennast annað hvort af neikvæðum gildisdómum, því ekki sé um eiginlega heimspeki að ræða, eða tilraunum til að skýra burt vitnisburðinn, því hann samræmist ekki eiginlegri heimspeki. Hvort tveggja sækir skilning okkar á viðfangsefninu.

Til forna töldu heimspekingar að markmið iðju sinnar væri að öðlast þekkingu, finna sannleika. Margir myndu enn samþykkja þennan skilning á heimspeki, kannski með einhverjum fyrirvörum. Fólk ástundar heimspekilegar rannsóknir til að afhjúpa eða skýra einhvern sannleika. Þennan skilning á markmiði heimspekinnar má skýrt finna hjá Aristótelesi sem byrjaði heimspekisögu sína með alhæfingu um manninn (980a21): „Þekkingarþrá er öllum mönnum í blóð borin.“ Hann hélt áfram og bar saman nytsama þekkingu og þekkingu sem hefði gildi sjálfrar sinnar vegna. Hin síðari var æðri og voru hinar ónytsömu þekkingargreinar fyrst ástundaðar þar sem tóm gafst til, sem hann taldi hafa verið meðal egypskra presta. Markmið greinanna var þekking en aflvakinn var undrun (982b17-28):



Sá sem stendur ráðþrota og furðu lostinn finnst sem sig bresti þekkingu ... Hafi menn byrjað að ástunda heimspeki til að forðast ráðþrot, er sýnt að þeir vildu vita vegna þekkingar en ekki vegna nokkurrar nytsemi ... Því má vera ljóst að við æskjum ekki þekkingar vegna einhverra annarra nota, heldur segjum við að einungis þessi þekkingargrein sé sjálfstæð og aðeins til sjálfrar sín vegna, eins og við segjum að maður sé sjálfstæður sem til er sjálfs sín vegna en ekki vegna einhvers annars.¹

Æðsta þekkingin er markmið í sjálfu sér, en leitin að sannleikanum hefst með undrun. Þennan skilning á heimspeki hafði Aristóteles frá kennara sínum í Akademiúnni, Platoni, sem lét Sókrates segja í einni af samræðum sínum: „Því þessi reynsla tilheyrir heimspekingnum, þessi undrun: þetta er upphaf heimspekinnar og ekkert annað.“²

En ekki er öll sagan sögð. Þó þekkingin væri markmið í sjálfu sér og undrunin aflvakinn var þekkingin einnig forsenda hamingjunnar, enda töldu Platon og Aristóteles að maðurinn sjálfur, sem lífvera, ætti sér markmið. Þetta markmið var hamingjan (gr. *eudæmonía*).³ Í siðfræði sinni gerði Aristóteles fyrstur skipulega grein fyrir þessu markmiði. Lungann úr hamingjunni skýrði hann með tilvísun til dyggðar eða ágætis (gr. *areté*), sem lýsir besta ástandi þess sem um er talað. Dyggðir voru ýmist vitrænar eða siðrænar. Vitrænar dyggðir voru af ýmsu tagi og snertu ýmist siðgerð mannsins eða eitthvert annað viðfangsefni. Fræðileg þekking eða viska var vitræn dyggð og enn var hún markmið í sjálfu sér. Þekkinguna sem beindist að siðgerð og athöfnum mannsins kallaði hann hyggindi (gr. *fronēsis*). Hún var nauðsynlegt skilyrði siðrænnar dyggðar og þess vegna hamingju. Platon taldi hins vegar, að minnsta kosti í mörgum samræðum sínum, að hamingjan væri fyrst og fremst þekking. Báðir gerðu þó ráð fyrir að maður yrði að búa yfir þekkingu til að geta orðið hamingjusamur; hamingjan krefðist þessarar dýptar. Með þessum útskýringum sínum reiddi Aristóteles fram á kerfisbundinn hátt skoðanir sem mátti finna hjá Platoni og áttu eftir að finnast hjá nánast öllum sporgöngumönnum þeirra innan grískrar heimspeki, bæði á hellenískum tíma (til fyrstu aldar f.o.t.) og rómverska keisaraskiðinu. Þetta var sýn sem grundvallaði sjálfskilning heimspekingsins: undrunin var aflvakinn að þekkingarleitinni og þekkingin var forsenda alls, ekki síst þess lífs sem er gott og eftirsóknarvert. Leita skyldi þekkingar til að skilja heiminn og sjálfan sig.

Meðal heimspekinga fornaldar finnst þó undantekning frá þessari sýn. Upphaf

¹ Aristóteles, *Frumspekin I*, Svavar Hrafn Svavarsson þýddi, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1999, bls. 41–50.

² Þætetos 155d (mín þýðing).

³ Gríska orðið hefur ýmist verið þýtt „farsæld“ eða „hamingja“.

hennar má rekja til Demokritosar (kr. 460-370 f.o.t.) og því til þess tíma er hugmyndir Platons og Aristótelesar höfðu ekki enn náð tangarhaldi á heimspekingum. Þess vegna var ekki um að ræða uppreisn gegn ríkjandi viðmiði. Hana var síðan að finna í hugmyndum þeirra heimspekinga sem teljast til róttækra efahyggjumanna og eru kenndir við heimspekinginn Pyrrhon. Aflvakinn að heimspeki þeirra var ekki undrun heldur angist og markmiðið var ekki hamingja í skilningi Platons og Aristótelesar heldur angurleysi (gr. *ataraxía* – angrið sjálft, angistin eða óróinn heitir *tarakhē*) Angurleysið felst aðeins í því að vera laus við þá angist sem kveikir heimspekina; leitað er þekkingar vegna vonar um angurleysi. Þessi pyrrhonska undantekning, einkum eins og hún birtist í verkum eftir Sextos Empeirikos, hefur komið ýmsum fræðimönnum sem fást við fornaldarheimspeki í vanda; hvað ætti að gera við þessa undantekningu frá viðteknum sjálfsskilningi heimspekinga? Þessi vandi birtist í tvenns konar viðbrögðum. Annars vegar hafa fræðimenn reynt að leiðrétta söguna og fjarlægja undantekninguna; enginn heimspekingur getur hafa orðið heimspekingur einungis vegna angistar og aðeins hafa stefnt að því að losna undan þessari angist. Hann hlýtur einnig að hafa leitað sannleikans hans sjálfs vegna, því að þannig störfuðu heimspekingar. Hins vegar hafa menn nauðugir viljugir viðurkennt þessa undantekningu en þá jafnframt sýtt hana og dregið þann lærdóm að öðruvísi hefði átt að standa að málum; í raun geti ekki verið um eiginlega heimspeki að ræða heldur aðeins eins konar hliðarheimspeki, eins konar undanvilling. Hér verður þessum undanvillingi lýst og rýnt í viðbrögðin, sem hafa mér vitanlega aldrei verið dregin fram í dagsljósið.

Hér er því fengist við ástundun heimspekisögunnar og þann skilning á heimspeki sem fær fræðimenn til að fella dóma um ágæti hugmynda og jafnvel túlka hugmyndir í ljósi þess sem þeir telja vera „rétta“ heimspeki. Síðustu áratugi hefur töluvert verið rætt um hvernig skuli ástunda heimspekisögu. Það sem kveikti umræðuna að hluta var ætluð minnimáttarkennd þeirra sem leggja stund á heimspekisögu. Sagt var að þeir þyrftu að réttlæta grein sína, sem þeir gerðu með því að benda á mikilvægi hennar fyrir samtímaheimspeki; heimspekisaga væri heimspekileg en ekki sagnfræðileg. Margir eru enn þessarar skoðunar, það er að kanna skuli heimspekisöguna með hliðsjón af því hvað hún geti lagt af mörkum í glímu samtímaheimspekinga við sín viðfangsefni. Michael Frede og fleiri gerðu uppreisn gegn þessu viðhorfi og sögðu að ástunda bæri heimspekisögu óháð þeim viðfangsefnum og aðferðum sem einkenna samtímaheimspeki; ástunda skyldi heimspekisögu sagnfræðilega, þó að vissulega væri viðfangsefnið heimspeki.⁴ John Marenbon, sem fæst við miðaldaheimspeki, var á sömu slóðum

⁴ Nýverið komu út fyrirlestrar eftir Michael Frede, *The Historiography of Philosophy*, Oxford: Oxford University Press, 2022, sem upphaflega voru fluttir veturinn 1989–1990.

þegar hann bað um „raunverulega“ heimspekisögu.⁵ Menn ættu ekki að ástunda heimspekisögu til þess eins að móta tæki handa þeim sem leggja stund á samtímaheimspeki; það gæti ekki verið markmið hennar. Þeir sem fengust við heimspekisögu höfðu áður varað við því sama, enda gæti þetta markmið skrumskælt heimspekisöguna, skilið eftir hugsuði, viðfangsefni og tímabil og virt að vettugi samhengi og mögulegar skýringar á kenningum.⁶

Umfjöllun mín snertir þetta mál. Við nálgumst heimspekisöguna frá okkar eigin sjónarhorni, sem meðal annars tiltekur hvað heimspeki sé og um hvað hún snúist eða eigi að snúast. Föst í þessu horni höfnum við annað hvort tilteknum hugmyndum sem raunverulega heimspekilegum hugmyndum eða lögum þessarar hugmyndir að skilningi okkar á heimspekilegum hugmyndum. Að neðan verður fjallað um hugmyndir nokkurra fornaldarheimspekings um angurleysi og viðbrögð fræðimanna við þessum hugmyndum. Lærdómurinn sem við gætum dregið af þessari umfjöllun er sá að stundum virðumst við lesa sögu fornaldarheimspeki eins og okkur finnst að hún eigi að vera, jafnvel í trássi við vitnisburðinn, sem verði þá að skilja öðrum skilningi. Athugum fyrst vitnisburðinn um angurleysið, sem finna má í hugmyndum þriggja heimspekings: Demokritosar, Pyrrhons og Sextosar Empeirikosar. Að lokum skoðum við viðbrögðin.

Angurleysi Demokritosar

Angurleysið á sér sögu innan heimspeki fornaldar. Það leit dagsins ljós fyrir daga Pyrrhons, í verkum heimspekingsins hlæjandi, Demokritosar. Hugmyndir hans eru sérstæðar í þessu samhengi vegna þess að þær tilheyra ekki þeirri hefð sem Platon og Aristóteles mótuðu í siðfræði sinni. Sú hefð, sem varð allsráðandi innan heimspekinnar, einkennist af siðferðilegri markhyggju, þeirri hugmynd að til sé eitt heildstætt markmið sem hvatir okkar og athafnir beinist að eða ættu að beinast að. Þetta markmið, sem mannum er eðlislægt, er hamingjan. Að vísu gerði helleníski heimspekingsurinn Epikúros sér mat úr hugmynd Demokritosar um angurleysi, rétt eins og hann samþykkti atóm- eða ódeiliskenningu hans. Hins vegar kom hann henni haganlega fyrir innan markhyggjunnar og lét angurleysi vera þetta markmið sem allt beinist að eða ætti að beinast að, enda væri

⁵ John Marenbon, „Why We Need a Real History of Philosophy“, *Philosophy and the Historical Perspective*, ritstjórar Marcel van Ackeren og Lev Klein, Oxford: Oxford University Press, 2018, bls. 36–50.

⁶ Sjá nánar Svavar Hrafn Svavarsson, „Saga og samtíð heimspekinnar“, *Ritid* 2-3/2007, bls. 197–215.

angurleysi æðsta form ánægjunnar, en hamingjan væri ekkert annað en ánægja.⁷ Demokritos leit aldrei við markhyggju af þessu tagi og óvíst hvort hann var kunnugur hugmyndinni. Hann áleit angurleysið einfaldlega vera ákjósanlegasta ástand mannsins. En eins og Sókrates fann hann forsendur þessa besta ástands í dyggðum. Búi menn yfir dyggðum, þessu innra ágæti, eru þeir sjálfstæðir og sjálfum sér nægir og svo óháðir duttlungum gæfunnar sem frekast er kostur; ástand mannsins veltur á honum sjálfum. Demokritos líkist einnig Sókratesi í því að dyggðunum er ekki aðeins komið fyrir inni í manningum, í sálarlífi hans – sem er nauðsynleg forsenda sjálfstæðisins – heldur virðist hann einnig líta á þær sem þekkingu eða skilning. Dyggðirnar felast því fyrst og fremst í þekkingu, sem gerir hinum vitru kleift að finna angurleysi. Sókrates lét sig angurleysi engu varða, því þekkingin ein skipti máli sem grundvöllur hamingjunnar, enda væri dyggð ekkert annað en þekking og hamingjan fælist í dyggð. Hér er sýnilegur munur á því að leita þekkingar sem hamingju og því að leita þekkingar vegna angurleysis.

Demokritos taldi því að menn ættu að beita þekkingu til að ná tókum á sálarlífi sínu. Það gerðu þeir með því að stjórna hvötum sínum og löngunum, því láti hvatirnar ekki að stjórn komi þær huga manns í uppnám; þær trufla og skapi angist. Hann boðar ekki brottnám hvatanna heldur stjórn og taumhald þeirra. Sjálfstjórn skyldi ráða og hófsemi. Demokritos var sjálfur hófsamur í heimspéki sinni í samanburði við Platon, sem taldi að þekkingin gæti gert menn svo líka guði sem kostur væri. Hvað sem því líður lagði Demokritos til að besta ástand mannsins væri angurleysi. Hann virðist hafa gengið út frá því að fólk sem vill lifa besta lífinu sækist fyrst og fremst eftir angurleysi. Hann færir hins vegar hvergi rök fyrir þessari grundvallarhugmynd sinni; hún er einfaldlega gefin.

Demokritos nefndi þetta ástand ýmsum nöfnum, auk angurleysis (*ataraxía*). Öll gefa nöfnin til kynna einshvers konar andlega ánægju eða gleði. Díogenes Laertíós, einn mikilvægasti heimildamaður okkar um skoðanir grískra heimspékinga, kvað Demokritos hafa sagt „að markmiðið⁸ væri góðlyndi (*euphymía*) ...

⁷ Spevsippos, frændi og arftaki Platons við Akademiuna, lagði reyndar einnig til, í trássi við skoðanir Platons, að einhvers konar ánægja væri markmið lífsins; þessa ánægju kallaði hann angurleysi (*aokhlesía*). Sjá Klemens frá Alexandríu, *Stromata* (Samsafn) 2.22.133; nánar: John Dillon, *The Heirs of Plato*, Oxford: Clarendon Press, 2003, bls. 64–77. Þess ber einnig að geta að stóumenn töldu að angurleysi væri einkenni á hinum hamingjusa, en þó alls ekki hamingjan sjálf. Angurleysi var því víða að finna innan hellenískrar heimspéki, en alltaf innan markhyggju.

⁸ Orðalag Diogenesar er misvísandi; sem fyrr segir þekkti Demokritos ekki til markhyggju Platons og Aristótelesar; sjá Gisela Striker, „*Ataraxia*. Happiness as Tranquillity“, *Essays on Hellenistic Philosophy and Ethics*, Cambridge: Cambridge University Press, 1996, bls. 183–195, hér bls. 184.

þegar sálin berst áfram þýðlega (*galēnōs*) og staðfastlega (*eustathmōs*), enginn ótti eða hjátrú eða nokkur önnur kennd (*paþos*) angrar (*tarattomenē*) hana. Þetta nefndi hann einnig velfarnað (*euestō*) og mörgum öðrum nöfnum.⁹ Sálin er róleg, óskelfd og ótrufluð. Vitnisburðurinn gefur til kynna að angurleysi sé ástand þar sem kenndirnar trufla ekki og leiða ekki til ofstopafullra langana. Menn verða angurlausir ef þeim tekst að fjarlægja óstýrilátar kenndir, eins og ótta og hjátrú.¹⁰

Hugmyndin virðist hafa heillað fylgismenn Demokritosar. Einn þeirra var Anaxarkos nokkur, sem er einnig tengdur Pyrrhoni og kemur meira við sögu síðar. Heimildamaður okkar, Díogenes Laertíós, kallaði hann hamingjumanninn (*evdæmoníkos*). Þetta viðurnefni gefur til kynna að Anaxarkos hafi haft áhuga á hamingju. Þar sem hann tengdist bæði Demokritosi og Pyrrhoni er ekki fráleitt að hann hafi haft áhuga á hamingju sem angurleysi. Og reyndar segir Díogenes (9.60) að hann hafi fengið viðurnefni sitt „vegna kenndaleysis síns (*apapeia*) og gæflyndis (*evkolía*).“

Þetta er upphafsstaða hugmyndarinnar um angurleysi innan grískrar heimspæki. Næstur til að hampa angurleysinu var Pyrrhon. Það hafa verið færð rök fyrir nánnum tengslum á milli þekkingarfræði Demokritosar og Pyrrhons. Þau rök eru umdeilanleg, enda vitnisburðurinn svo fábrotinn að einungis er getgátum til að dreifa. Um hitt er vitnisburðurinn einróma að Demokritos var eftirlætisheimspekingur Pyrrhons. Einnig virðist það benda til heimspekilegra tengsla að Anaxarkos og fleiri sem aðhylltust ódeilishyggju Demokritosar tengdust efahyggju Pyrrhons.¹¹

Angurleysi Pyrrhons

Pyrrhons er einkum minnst sem upphafsmanns efahyggju, þeirrar róttæku efahyggju sem við hann er kennd. Hann markar því þáttaskil í sögu þekkingarfræðinnar. Það skyldi þó hafa í huga að afstaða hans öll hvílir á hugmyndinni um angurleysi, eða öllu heldur um hamingju sem angurleysi. Þetta vitum við af

⁹ Díogenes Laertíós 9.45 (mín þýðing).

¹⁰ Það er alls óvíst um tengslin á milli ódeiliskenningar Demokritosar og hugmyndar hans um angurleysi. Ein frægasta hugmyndin er sú að Demokritos álíti sálarlífð markast af ferð ódeila, sem eigi að vera mátuleg og róleg. Sjá einkum fræga grein eftir Gregory Vlastos, „Ethics and Physics in Democritus“, *Philosophical Review* 54/1945, bls. 578–592 og 55/1946, bls. 53–64, endurprentað í Gregory Vlastos, *Studies in Greek Philosophy, volume I. The Presocratics*, Princeton: Princeton University Press, 1995, bls. 328–350.

¹¹ Sjá nánar Svavar Hrafn Svavarsson, „Tranquillity: Democritus and Pyrrho“, *Épicurisme et Scepticisme*, ritsjúrórar Stéphane Marchand og Francesco Verde, Róm: Sapienza, 2013, bls. 3–24.

Því að mikilvægasti vitnisburðurinn um hugsun Pyrrhons greinir frá því. Þessi lýsing á hugsun Pyrrhons hefur varðveist í riti eftir biskup nokkurn, Evsebíos frá Kæsareu (kr. 260-339), sem vitnar í aristótelistann Aristókles (frá fyrstu öld e.o.t.), sem aftur vitnar í Tímon (325/20-235/30 f.o.t), fylgismann Pyrrhons. Tímon greinir síðan frá hugsun Pyrrhons, sem á að hafa sagt að vilji menn verða hamingjusamir, ættu þeir að fara að ráðum hans, því þá verði þeir angurlausir. Hamingja Pyrrhons er angurleysi. Önnur ástæða fyrir því að halda að angurleysið hafi verið aðalatriðið í heimspeki hans er sú að allar frásagnirnar af sérkennilegu líferni þessa heimspekings snúast um þetta angurleysi, sem er nátengt afstöðuleysinu (*adiáforía*) sem liggur því til grundvallar og grundvallast sjálft á efahyggjunni sem við hann er kennd.

Athugum vitnisburðina, fyrst lýsinguna hjá Aristóklesi:

Tímon, nemandi Pyrrhons, segir að hver sá sem vilji verða hamingjusamur ætti að spyrja þessara þriggja spurninga. Fyrst, hvernig eru hlutir í eðli sínu? Næst, hvaða augum ættum við að líta þessa hluti? Loks, hvað verður um þá sem líta hlutina þessum augum? Hann sagði að Pyrrhon hefði sagt að hlutir væru jafn óaðgreinanlegir og ómælanlegir og óákveðanlegir; þess vegna segja skynjanir okkar og skoðanir hvorki satt né ljúga þær. Þess vegna ættum við ekki að treysta þeim, heldur vera án skoðana, hallast í hvoruga áttina og sveigjast hvergi, heldur segja um hvaðeina að það sé ekki frekar en það sé ekki, eða bæði sé og sé ekki, eða hvorki sé né sé ekki. Það sem kemur fyrir þá sem eru þannig innstilltir, samkvæmt Tímoni, er fyrst að þeir fullyrða ekkert, en síðan að þeir verða angurlausir.

Sú hamingja sem gefst fylgjendum Pyrrhons er angurleysi. Þessar línur að ofan hafa getið af sér margar og afar ólíkar túlkanir, enda mikilvægasti vitnisburðurinn um Pyrrhon.¹² Hins vegar hefur nánast alltaf verið horft á þekkingarfræðina og frumspekina sem þarna er tjáð. Skilaboðin hafa ekki vakið eins mikla eftirtekt. Þau eru að það sé nauðsynlegt, jafnvel nægjanlegt, fyrir angurleysi að skilja að heimurinn sé alfarið óræður og þess vegna skuli ekki fullyrða neitt um nokkurn hlut. Ef fólk fullyrðir ekkert, enda sé ekkert að fullyrða, verður fólk angurlaust. Þetta er ljóslega lærdómurinn sem Pyrrhon dregur af fullyrðingum sínum, enda byrjar hann hugleiðingu sína með spurningunni um hamingju.

¹² Um vitnisburðinn og túlkanir á honum, sjá Svavar Hrafn Svavarsson, „Pyrrho and Early Pyrrhonism“, *Cambridge Companion to Ancient Scepticism*, ritstjóri Richard Bett, Cambridge: Cambridge University Press, 2010, bls. 36–57.

Það var umfram allt þetta innsæi sem lifði áfram innan þeirrar efahyggju sem við nefnum pyrrhonisma og lesum í verkum eftir Sextos Empeíríkos. Áður en við víkjum að honum athugum við sögurnar af Pyrrhoni og æðruleysi hans. Þær eru allnokkrar, enda vinsælar í fornöld. Flestar er þær að finna í ævisögu hans eftir tédan Díogenes Laertíós (9.61-108). Eitt sinn var Pyrrhon á ferð ásamt vini sínum Anaxarkosi, hamingjumanninum áður nefnda. Anaxarkos féll skyndilega í mýrarkeldu. Pyrrhon skeytti þessu engu og hélt ótrauður áfram. Þetta aðgerðarleysi þótti Anaxarkosi aðdáunarvert, enda hrósaði hann Pyrrhoni í hástert fyrir að hjálpa sér ekki; það væri vísbending um algert og aðdáunarvert skeytingarleysi. Pyrrhoni var sama hvað hann tók sér fyrir hendur. Hann bar kjötvörur og þvoði svín, sem enginn heiðvirður borgari átti að gera. Þegar hann talaði, skipti engu máli hvort einhver væri að hlusta. Þegar hann var brenndur af lækni, lét hann sem ekkert væri. Ein sagan segir af honum á skipsfjöl í óveðri, þar sem allir voru óttaslegnir, nema Pyrrhon, sem benti af mikilli aðdáun á svín nokkurt á þilfarinu sem hvorki datt af né draup og sagði: „Í þessu angurleysi ætti vitringurinn að vera.“

Sem fyrr segir er Tímon mikilvægasta heimildin okkar fyrir skoðunum Pyrrhons. Hann segir að meistari sinn hafi orðið angurlaus, enda hafi hann sigrað það sem hafi lagt alla aðra að velli, kenndir, skoðanir, innantómar mannaþingar, alla sannfæringu og fagurgala hinna svokölluðu vitringa.¹³ Gagnrýni hans á heimspekinga og fræðimenn, lifandi sem liðna, var gengdarlaus.¹⁴ Áður en við snúum okkur að Sextosi, sem telst langmikilvægasti kyndilberi pyrrhonismans, vildi ég leggja áherslu á þessa hlið á heimspeki Pyrrhons, sem gerir hana óvænta og einkennilega í okkar augum: Efahyggja, eða útgáfa Pyrrhons af efahyggju, er leiðin að angurleysi. Efahyggja réttlætist af angurleysi. Þessi tenging á milli efahyggju, sem er þekkingarfræðilegt viðhorf, og hugmyndar um hamingju sem angurleysi kemur okkur spánskt fyrir sjónir. Við eigum eftir að gera okkur mat úr þessari undrun í síðasta kaflanum að neðan, enda eigum við eftir að sjá að Sextos segir það sama. Og það hefur ekki aðeins komið fræðimönnum spánskt fyrir sjónir heldur vakið viðbrögð, vegna þess að heimspekingar telja að heimspeki snúist um að finna sannleikann, hvort sem það tekst eða ekki, meðal annars til að fanga hamingjuna; hún snýst ekki um angurleysi. Angurleysi kemur leitinni að sannleikanum ekki við.

¹³ Um heimildir, sjá Svavar Hrafn Svavarsson, „Pyrrho and Early Pyrrhonism“, bls. 40.

¹⁴ Þessi undirróður Pyrrhons birtist hvað skýrast í verkum Tímóns sem virðist hafa helgað mörg verk sín samanburði á Pyrrhoni og öðrum heimspekingum, hinum síðari til hjúkjós; um ritstörf Tímóns, sjá Dee L. Clayman, *Timon of Phlius*, Berlín: de Gruyter, 2009.

Angurleysi Sextosar

Sextos Empeíríkos var að störfum á seinni hluta annarrar aldar e.o.t. Eftir hann hafa varðveist allnokkur rit sem eru nánast einu heimildir okkar um pyrrhonska efahyggju. Þar eru Höfuðdrættir pyrrhonismans (í þremur bókum) og Gegn kennimönnum (í ellefu bókum). Það er nokkuð víst að sú efahyggja sem Sextos skrásetti á rætur sínar að rekja til fyrstu aldar f.o.t. Þá hafði heimspekingur að nafni Ænesídemos sagt skilið við skóla Platons, Akademiuna, eftir að hún lagði efahyggju sína til hliðar. Ænesídemos hélt sig við efahyggju, en boðaði nýja stefnu sem hann kenndi ekki við Akademiuna heldur við Pyrrhon. Nú hefur nánast ekkert varðveist af verkum Ænesídemosar.¹⁵ Hins vegar er mjög líklegt að verk hans búi að baki verkum Sextosar.

Ef marka má Sextos, skiptir angurleysið ekki bara einhverju máli í pyrrhonskri heimspeki, heldur öllu máli. Það er bæði markmið efahyggjunnar og afrakstur hennar, segir hann, og bergmálar Pyrrhon. Snemma í Höfuðdráttum pyrrhonismans segir Sextos eftirfarandi:

Hingað til segjum við að markmið efahyggjumannsins sé angurleysi í þeim málum sem varða skoðanir en mátulegar kenndir í þeim málum sem við fáum ekki ráðið. Því efahyggjumennirnir byrjuðu að ástunda heimspeki til að gera upp á milli þess sem virðist vera og til að skilja hvað væri satt og hvað væri ósatt, til þess að verða angurlausir. En þeir stóðu frammi fyrir því að deilan væri í jafnvægi. Þessa deilu gátu þeir ekki leyst og frestuðu þess vegna dómi. Og þegar þeir frestuðu dómi vildi svo til að angurleysi í skoðanamálum fylgdi. (Höfuðdrættir 1.26)

Þetta segir Sextos lesendum sínum nokkrum sinnum, að efahyggjumennirnir stefni á angurleysi og verði angurlausir þegar þeir fresta dómi. Bæði Pyrrhon og Sextos höggva í þennan knérunn. Og reyndar er þetta atriði eitt af fáum sem þeir eiga örugglega sameiginlegt. Hefði Sextos ekki lagt þessa áherslu á angurleysi hefði hann varla verið pyrrhonisti. Hann segir líka (Höfuðdrættir 1.12):

Við segjum að upphafsorsök efahyggjunnar sé vonin um að verða angurlaus. Vel gefið fólk fylltist angist vegna ósamkvæmni hlutanna og óvissu um hverja skyldi fremur samþykkja. Það rannsakaði þá hvað væri satt í hlutum og hvað ósatt, svo að það yrði angurlaust eftir að hafa ákveðið það.¹⁶

¹⁵ Það sem hefur varðveist er að finna í: Roberto Polito, *Aenesidemus of Cnossus. Testimonia*, Cambridge: Cambridge University Press, 2014.

¹⁶ Hann endurtekur þessa lýsingu tvisvar, í Höfuðdráttum 1.26 og 29.

Efahyggja, sem einhvers konar aðferð eða verklag við að ástunda heimspeki, er aðeins og einvörðungu leið að angurleysi. Þannig er aðeins ein réttlæting fyrir efahyggju, nefnilega angurleysið. Sextus segir skýrt og skorinort að efahyggjumennirnir þræti við heimspekilega andstæðinga sína (sem voru allir aðrir heimspekingar) hvort heldur um eðlisfræði, þekkingarfræði eða siðfræði „vegna angurleysisins“ (Höfuðdrættir 1.18):

Við ástundum ekki eðlisfræði til þess að fullyrða af fullvissu um nokkur þau efni sem eru viðfangsefni vísindalegra skoðana. En við snertum á eðlisfræði til þess að geta sett á móti hverri greinargerð jafna greinargerð, og sökum angurleysis. Þannig nálgumst við einnig rökfræði og siðfræðihluta þess sem [kennimennirnir] kalla heimspeki.

Eins segir hann í öðru verki, *Gegn kennimönnum* (8.159), þar sem hann fjallar um hugmyndir heimspekinga um merki eða tákni, þegar hann skýtur inn útskýringu á rannsóknaraðferð sinni:

Þetta er venja efahyggjumanna: að setja fram greinargerðir gegn tilvist merkis, ekki með sannfæringu og samþykki (því að það væri jafngildi þess að halda því fram, eins og kennimennirnir gera, að til sé merki), heldur til að reka rannsóknina í jafnvægi og sýna að það sé jafn trúverðugt að engin merki séu til og að merki séu til, eða (og öfugt) að það sé jafnótrúverðugt að engin merki séu til og að merki séu til. Því að þannig skapast jafnvægi í hugsuninni og dómsfrestun.

Þessu fylgir að Sextos ástundar ekki heimspeki til að mynda sér skoðanir sem hann telur vera sannar, heldur aðeins og einvörðungu til þess að skapa jafnvægi á milli fullyrðinga, fresta dómi, og verða þannig angurlaus. Hann virðist ekki vera á höttunum eftir sannleika. Pyrrhonisminn er þerapía eða lækning á því angri sem hrjáiir skynsamnt en ráðvillt fólk og skilar því í betra ástandi en öðru fólk. Hugmyndin um heimspeki sem þerapíu var vissulega algeng innan hellenískrar heimspeki.¹⁷ En pyrrhonistarnir framreiddu hugmynd sína ekki sem hluta af þeirri markhyggju sem einkenndi helleníska siðfræði, og reyndar alla siðfræði frá Aristótelesi áleiðis, þessa siðfræði sem hefur reynst svo frjósöm í samtímanum. Hefðu þeir gert það, þá hefðu þeir samþykkt hugmynd um markmið sem væri í

¹⁷ Sjá til dæmis Martha Nussbaum, *The Therapy of Desire. Theory and Practice in Hellenistic Ethics*, Princeton: Princeton University Press, 1996.

rauninni (og óefað) gott fyrir manninn. En auðvitað samþykktu þeir ekkert slíkt, enda samþykktu þeir ekki neitt heldur frestuðu þeir dómi um hvaðeina.

Nú hvarflaði aldrei að mér að bera á borð heimspekilega réttlætingu fyrir hugmynd pyrrhonista um angurleysi eða leggja til að þessi hugmynd verði endurnýjuð og við efuðumst stöðugt í samfelldu angurleysi. Hugmyndin á líklega lítið erindi við heimspekinga samtímans, þótt ekki sé útilokað að einhverjir heillist af henni. Ég held ekki að hugmyndin sé sannfærandi, þótt hún sé athyglisverð að svo miklu leyti sem hún grefur undan sjálfsmýnd heimspekinga sem segjast vera á höttunum eftir þekkingu til þess að geta höndlað hamingjuna. Hins vegar er hugmyndin alls ekki framreidd til að sannfæra nokkurn mann. Sextos færir engin rök fyrir því að dómsfrestun efahyggjumanna geri þá angurlausa. Hann veit betur en svo, því ef hann héldi því fram með rökum, sem hann samþykkti, þá væri hann sjálfur ekki lengur skoðanalaus, eins og hann vill vera. Þess vegna minnir hann lesendur sína sifellt á að þetta sé aðeins sjálfæsvisöguleg skýrsla efahyggjumanna. Hann líkir reynslu þeirra við það sem henti frægan hirðmálara Alexanders mikla, sem hét Apelles (Höfuðdrættir 1.28):

Þeir segja hann hafa verið að mála hest og vilja sýna á myndinni froðu sem vall úr kjafti hestsins. Það gekk svo illa að hann gafst upp, tók svampinn sem hann hafði notað til að þurrka litina af bursta sínum og henti honum í myndina. Og þegar svampurinn hittir myndina framkallaði hann líki kjaftfroðu hestsins.

Það var tilviljun að efahyggjumaðurinn komst að því að aðferð hans og dómsfrestun leiddi til angurleysis. Eftir að hafa hnotið um angurleysið sögðu þeir sögu sína og hvernig aðrir gætu fylgt þeim, það er að þeir hefðu neyðst til að fresta dómi um hvaðeina. Þetta var þerapía byggð á tilviljun. Hér má bæta því við að þessi hugmynd um lækningu sem tilviljun er fengin úr smiðju tiltekens læknaskóla sem kallaðist empíríski skólinn. Þeir lækna sem tilheyrðu þessum skóla þóttust stunda lækningar aðeins á grundvelli reynslu en ekki nokkurra kenninga sem fást við fyrirbæri sem kunni að liggja á bak við reynsluna. Þeir kölluðust empíristar og virðist Sextos hafa verið læknir sem tilheyrði þessum skóla, enda nefndur Empíríkos. Þessir lækna flokkuðu lækningar sínar eftir því hvernig komist var að þeim, stundum með tilraunum, stundum fyrir tilviljun. Reyndar segir Galenos, einn frægasti fræðimaður læknisfræðinnar í fornöld, að eins og empíristar hafi hagað lækningum sínum þannig hafi pyrrhonistar hagað lífi sínu.¹⁸

¹⁸ Sjá Svavar Hrafn Svavarsson, „The Pyrrhonian Idea of the Good Life“, *The Quest for the*

Lýsing pyrrhonista á þessari lækningu er skýring á rannsóknaraðferð þeirra, þar sem þeir bera stöðugt saman röksemdir fyrir andstæðum skoðunum, skapa jafnvægi og fresta dómi. Reynsla þeirra var sú að þetta leiddi til þess angurleysis sem þeir þráðu. Nú getum við náttúrlega hafnað þessari skýrslu um reynslu efahyggjumanna, þar sem hún sé öldungis ótrúverðug. Hins vegar getum við ekki hrakið hana, því að þarna eru engin rök til að hrekja. Við gætum líka vísað markmiðinu á bug. En það sem stendur eftir er að pyrrhonistar segjast hafa orðið angurlausir af efahyggju sinni. Þessi staðhæfing er grundvöllur þeirrar efahyggju sem þeir bjóða. Ef við höfnum mikilvægi angurleysisins fyrir þessa efahyggju, þá misskiljum við efahyggju fornaldar. Í stuttu máli: Pyrrhonistinn er ekki heimspekingur á höttunum eftir sannleika, enda býst hann ekki við að finna hann, heldur er hann á höttunum eftir angurleysi.

Viðbrögðin

Nú hef ég útskýrt stuttlega stöðu angurleysisins innan heimspeki fornaldar, tilkomu hugmyndarinnar hjá Demokritosi og mikilvægi hennar fyrir efahyggjuna. Þegar við athugum viðbrögð fræðimanna höfum þá í huga sjálfsmynd heimspekingsins sem var reifuð í upphafi greinarinnar. Undrunin er aflvaki heimspekinnar, markmiðið er að finna sannleika með heimspekilegum rannsóknum. Þekkingin er markmið í sjálfu sér og felst hamingjan í þekkingunni. Við höfum séð að sjálfsmynd efahyggjumanna er önnur. Angistin er aflvaki heimspekinnar, markmiðið er angurleysi, en leiðin að því felst í því að fresta dómi um hvaðeina. Heimspekilegar rannsóknir virðast því beinast að því að fresta dómi, angurleysisins vegna.

Fyrst er að nefna hversu framandleg okkur þykir hugmyndin um að tengja heimspekilega efahyggju við angurleysi. Það er alkunna að pyrrhonismi fornaldar, eins og hann birtist í ritum eftir Sextos Empeirikos, er ein tegund af efahyggju. Og efahyggja er þekkingarfræðilegt verklag við heimspeki. Hún fæst við möguleikann á þekkingu. Það ætti því ekki að koma á óvart að heimspekingar hafi löngum rætt um Sextos í þekkingarfræðilegu samhengi. Þannig hafði Sextos gríðarmikil áhrif á nýaldarheimspeki.¹⁹ Þessi áhrif höfðu ekkert með hugmyndina um angurleysi að gera. Þvert á móti hélt David Hume því fram að pyrrhonsk efahyggja leiddi til angistar ef tekið væri mark á henni, sem ekki væri hægt, því

Good Life. Ancient Philosophers on Happiness, ritstjórar Öyvind Rabbås, Eyjólfur Kjalar Emilsson, Hallvard Fossheim og Miira Tuominen, Oxford: Oxford University Press, 2015, bls. 197–211.

¹⁹ Sjá yfirlitsrit eftir Richard Popkin, *The History of Scepticism. From Savonarola to Bayle*, Oxford: Oxford University Press, 2003.

hversdagsleikinn hrekti efahyggju.²⁰ Og enn ræða heimspekingar um pyrrhonska þekkingarfræði og gera sér mat úr ýmsum þáttum hennar, rökháttum Agrippu, ósætti sérfræðinga, dómsfrestun og fleiri atriðum.²¹ Þetta eru mörg hver atriði sem Sextos gerði fyrstur skipulega grein fyrir, þótt umfjöllun um ýmis atriði sé eldri og finnist hjá öðrum heimspekingum fornaldar. Þess vegna hefur því verið haldið fram að pyrrhonistar hafi staðið sig ákaflega vel á þessu hála svelli þekkingarfræðinnar.²² Þeim er iðulega hampað fyrir heimspekilega efahyggju sína, enda er efahyggja mikilvægur drifkraftur nútímaheimspeki.

Að sama skapi er brugðist við hugmyndinni um angurleysi á neikvæðan hátt. Þessi viðbrögð eru af tvennu tagi. Ef það er viðurkennt að hugmyndin sé snar (ef ekki snarasti) þáttur efahyggjunnar er hún hörmuð. Þá er lagt til að pyrrhonskir efahyggjumenn hefðu betur sleppt þessu tali um angurleysi, eins og kollegar þeirra í fornöld, akademísku efahyggjumennirnir gerðu, að því er virðist.²³ Það er því felldur áfelliðómur. Hin viðbrögðin eru að viðurkenna einfaldlega ekki að angurleysið sé mikilvægasti þáttur efahyggjunnar og stundum jafnvel leggja til að það sé alls ekki raunverulegur þáttur hennar, þrátt fyrir skýran vitnisburð um annað. Viðbrögðin eru af sömu rótum: eitthvað er rotið við þessa hugmynd efahyggjumanna um angurleysi.

Viðbrögðin tel ég byggjast annars vegar á því að fræðimenn samþykkja sjálfsmynd heimspekingsins eins og hún birtist hjá Platóni og Aristótelesi. Samkvæmt þessari sjálfsmynd leitar heimspekingurinn sannleikans, en ekki angurleysis. Þessi viðbrögð eru almenns eðlis. Hins vegar velta þau á því viðhorfi að efahyggja sé þekkingarfræðilegt verklag sem hljóti að beinast að leitinni að sannleikanum, en ekki siðfræðilegt verklag sem beinist að angurleysi. Að svo miklu leyti sem efahyggja beinist að angurleysi hefur hún villst af leið. Af báðum ástæðum geri

²⁰ Svo segir Hume: [34] „... efahyggjukenningum getur vaxið fiskur um hrygg, og þær geta dafnað meðan þær halda sig innan veggja skólanna, þar sem það er erfitt ef ekki með öllu ómögulegt að hrekja þær. En um leið og efahyggjan hættir sér út og lendir í návígi við raunveruleg fyrirbæri sem kveikja ástríður vorar og hræra við tilfinningunum, þá rís allt það máttugasta í manneðlinu gegn henni og blæs efanum burtu sem reyk, svo hinn ákafasti efahyggjumaður verður rétt eins og fólk er flest.“ Sjá David Hume, *Rannsókn á skilningsgáfunni*, Atli Harðarson þýddi, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1999, bls. 259–260 (=12.2.109–110).

²¹ Sjá til dæmis John Greco, ritstjóri, *The Oxford Handbook of Skepticism*, Oxford: Oxford University Press, 2008. Þar er einu sinni minnst á angurleysi hinna fornu pyrrhonista, en aðeins til að áréttu hversu fjarlæg sú hugmynd sé þeirri efahyggju sem ástunduð hefur verið frá nýöld (sjá kaflann eftir Robert Stern, „Kant’s Response to Skepticism“, bls. 265–852, hér á bls. 274). Að öðru leyti er ekki minnst á angurleysi.

²² Sjá Gisela Striker, „*Ataraxia*. Happiness as Tranquillity“, bls. 194.

²³ Sjá sama stað.

Þessi pyrrhonska áhersla á angurleysi efahyggjuna heimspekilega veikburða og sé skaðleg fyrir samkvæmni og skiljanleika hennar, því þetta sé ekki efahyggja eins og hún ætti að vera ástunduð, sem þekkingarfræðilegt verklag sem beinist að leitinni að sannleikanum.

Fyrri viðbrögðin, þó neikvæð séu, byggjast þó á því að samþykja að efahyggjumenn hafi í raun og veru ástundað efahyggju sína vegna angurleysis. Hér er viðurkennt að undrunin sé ekki aflvaki þeirrar heimspeki sem efahyggjumenn ástunda heldur angist og allt snúist um að losna undan angistinni. En jafnframt er fullyrt að þetta sé þess vegna ekki raunveruleg heimspeki, heldur aðeins „eins konar“ heimspeki.²⁴ Jafnframt er áréttað að rannsóknir efahyggjumanna, það er rökræða þeirra við aðra heimspekinga sem iðulega lyktar með dómsfrestun, séu aðeins ástundaðar til að fresta dómi, en ekki til að finna sannleika. Í raun blekki efahyggjumenn okkur, því rannsóknir þeirra séu ekki raunverulegar rannsóknir, enda hljóti raunverulegar rannsóknir að beinast að því að finna sannleika, eins og sjálfmynd heimspekingsins gerir ráð fyrir. Þeir þykjast ástunda rannsóknir og leita sannleikans, en ástunda rannsóknir sínar af óheilindum.²⁵ Í raun hafi þeir hætt að vera heimspekingar þegar þeir urðu angurlausir. Þessi gagnrýni á pyrrhonska efahyggju finnst ekki hjá heimspekingum fornaldar, heldur er hún ný af nálinni; hún tilheyrir þeim sem skrásetja heimspekisöguna fyrir samtímamann.²⁶

²⁴ Sbr. titillinn á grein um pyrrhonisma eftir Giselu Striker: „Scepticism as a kind of philosophy“, *From Aristotle to Cicero. Essays on Ancient Philosophy*, Oxford: Oxford University Press, 2022, bls. 178–192.

²⁵ Margt hefur verið ritað um þennan meinta ljóð á ráði pyrrhonistanna og hvernig beri að skilja rannsóknir þeirra. Ýmsir telja að rannsóknir þeirra beinist alls ekki að því að finna sannleikann, enda segist þeir hvergi leita sannleikans; sjá einkum John A. Palmer, „Skeptical Investigation“, *Ancient Philosophy* 20/2000, bls. 351–375. Öðrum finnst útilokað að heimspekilegar rannsóknir beinist ekki að því að leita sannleikans; sjá Katja Vogt, „The Aims of Skeptical Investigation“, *Pyrrhonism in Ancient, Modern, and Contemporary Philosophy*, ritstjóri Diego E. Machuca, Dordrecht: Springer, 2001, bls. 33–49. Enn aðrir leggja til að við hættum einfaldlega að tala um rannsóknir efahyggjumanna, enda sé slíkt ekki hjálplegt við skilning á efahyggju fornanna: sjá Richard Bett, *How to Be a Pyrrhonist. The Practice and Significance of Pyrrhonian Scepticism*, Cambridge: Cambridge University Press, 2019, bls. 8.

²⁶ Það mætti draga ályktanir af þessari staðreynd: Að mati fornaldarheimspekinganna sjálfra voru pyrrhonskir efahyggjumenn ekki undanvillingar í skilningi fræðimanna nútímans, þó að þeir hefðu haft rangt fyrir sér af öðrum sökum. Helstu rök fornmannanna sjálfra gegn efahyggju voru þau að dómsfrestun og skoðanaleysi efahyggjumannsins geri honum ókleift að athafna sig og lifa lífi sínu, enda krefjast athafnir skoðana; sjá Katja Vogt, „Scepticism and Action“, *Cambridge Companion to Ancient Scepticism*, ritstjóri Richard Bett, Cambridge: Cambridge University Press, 2010, bls. 145–164; almennt um rök gegn efahyggjumönnum, sjá Gisela Striker, „Sceptical Strategies“, *Essays on Hellenistic Epistemology and Ethics*, Cambridge: Cambridge University Press, 1996, bls. 92–115.

Seinni viðbrögðin afhjúpa enn betur vilja fræðimanna til að koma efahyggjumönnum í „rétt“ heimspekimót. Þeir sem bregðast við á þennan hátt andæfa ofangreindum viðbrögðum, þar sem efahyggjumenn eru sakaðir um óheilindi. Þá er því haldið fram að vissulega leiti efahyggjumenn angurleysis, en þeir leiti einnig þekkingar sjálfrar sín vegna; þess vegna séu rannsóknir þeirra eftir allt saman raunverulegar rannsóknir. Þeir séu reyndar svo einarðir í leit sinni að þekkingu að þeir fresti dómi vegna þess að ekki sé hægt að koma til móts við kröfur þeirra um skilyrði þeirrar þekkingar sem sé hafin yfir allan vafa.²⁷ Heilindi þeirra eru ekki vefngd. Hér er viðurkennt að efahyggjumenn tali um angurleysi, en mikilvægi þess er hafnað. Aðrir hafa gengið enn lengra í þessa átt og haldið því fram að pyrrhonismi sé fyllilega skiljanlegur án hugmyndarinnar um angurleysi og gæti vel komist af án hennar.²⁸ Niðurstaðan er sem fyrr að þeir hefðu átt að sleppa hugmyndinni um angurleysi.

Mikilvægi angurleysisins fyrir pyrrhonista fornaldar hefur því ýmist verið sýtt eða skýrt burt. Þessi viðbrögð eru skiljanleg, því hvað hefur angurleysi að gera með efahyggju, sem er þekkingarfræðilegt verklag heimspekings sem leitar sannleikans? Að svo miklu leyti sem efahyggjumenn ástunda efahyggju sína vegna angurleysis er efahyggja ekki „rétt“ heimspeki; hún er í besta falli eins konar heimspeki. Þess vegna eru viðbrögðin annað hvort áfellisdómur eða endurtúlkun. Þessi viðbrögð hvíla á sama grunni. Því er hafnað sem efahyggjumennirnir sjálfir sögðu skýrum orðum að væri grundvöllur heimspeki þeirra, og það eina sem skipti máli, nefnilega angurleysið. Þessu er hafnað í krafti skilnings okkar á því hvað heimspeki sé og hvernig skuli ástunda hana. Þessi nálgun verður hvorki kennd við þá „raunverulegu“ heimspekisögu né „sagnfræðilegu“ sem minnst var á við upphaf þessarar greinar. Hún virðist ekki líkleg til að dýpka skilning okkar á heimspekisögunni. Hún gerir ekki minnstu tilraun til að svara spurningunni af hverju efahyggjumenn hafi gert hugmyndina um angurleysi að hryggjarstykki heimspeki sinnar.²⁹

²⁷ Sjá einkum Casey Perin, *The Demands of Reason. An Essay on Pyrrhonian Scepticism*, Oxford: Oxford University Press, 2010.

²⁸ Sjá Diego E. Machuca, „The Pyrrhonist’s ἀταραξία and φιλανθρωπία“, *Ancient Philosophy* 26/2006, bls. 111–139.

²⁹ Þessi grein er byggð á fyrirlestrum sem haldnir voru við Háskólann í Lundi og Háskóla Íslands. Þakkir til ritryna *Ritsins*.

ÚTDRÁTTUR

Fræðimenn sem hafa fengið við heimspekisögu síðustu áratugi hafa margir áréttað mikilvægi þess að leita skilnings á viðfangsefni sínu svo sem kostur er á forsendum þess tíma sem um er fjallað en ekki (aðeins) á forsendum þess tíma sem fræðimennirnir sjálfir tilheyra. Þannig yrði skilningurinn dýpri. Hér verður tekið dæmi af umfjöllun fræðimanna um kenningar nokkurra grískra fornaldarheimspekinga um angurleysi (*ataraxía*). Fyrst eru kenningarnar raktar og skýrðar. Þá eru helstu viðbrögð fræðimanna við þessum kenningum skoðuð. Þessi viðbrögð afhjúpa viðhorf um hvað eiginleg heimspeki sé, að minnsta kosti eiginleg fornaldarheimspeki. Viðbrögðin einkennast annað hvort af neikvæðum gildisdómum, því ekki sé um eiginlega heimspeki að ræða, eða tilraunum til að skýra burt vitnisburðinn, því hann samræmist ekki eiginlegri heimspeki. Hvort tveggja skekkir skilning okkar á viðfangsefninu.

Lykilord: efahyggja, angurleysi, Demokritos, Pyrrhon, Sextos Empeirikos

ABSTRACT

Historiography of Philosophy: The Case of Ancient Ataraxia

In recent decades scholars working on the history of philosophy have argued for the importance of engaging with their subject matter in its original context but not (only) from a contemporary perspective. The article is a case study concerned with the current evaluation of ancient philosophical ideas about tranquillity (*ataraxía*). It is claimed that this evaluation, resting on notions of what proper philosophy should be, is either negative and dismissive of such ideas as unphilosophical or it is unduly corrective of the testimony, since it is not properly philosophical. Either way our understanding of the ancient idea is skewed.

Keywords: Scepticism, Ataraxia, Democritus, Pyrrho, Sextus Empiricus

SVAVAR HRAFN SVAVARSSON

Prófessor í heimspeki

Deild heimspeki, sagnfræði og fornleifafræði

Hugvísindasviði Háskóla Íslands

svahra@hi.is